

Fyrirspurn

til umhverfisstjórnar um verndaráætlun fyrir Vatnajökulsþjóðgarð.

Frá Siv Friðleifsdóttur.

1. Gáfu stjórnvöld í aðdraganda stofnunar Vatnajökulsþjóðgarðs og vinnslu verndaráætlunar fyrir hann fyrirheit um að hefðbundnum nytjum, svo sem veiðinytjum á grundvelli sjálfbærrar nýtingar, yrði viðhaldið innan þjóðgarðsins? Ef svo er, í hverju voru þau fyrirheit fólgin og í hvaða skýrslum eða öðrum gögnum koma þau fram?
2. Var haft samráð við útivistarhópa, svo sem Skotveiðifélag Íslands (Skotvís) og Ferðaklúbbinn 4x4, við gerð verndaráætlunar fyrir Vatnajökulsþjóðgarð? Ef svo er, í hverju fólst það samráðsferli?
3. Hver er að mati ráðherra ástæða þess að útivistarhópar, svo sem Skotvís og Ferðaklúbburinn 4x4, líta svo á að þeir hafi verið blektir og telja að samráðsferlið hafi verið algerlega ófullnægjandi?
4. Mun ráðherra beita sér í því að ná sáttum við þá útivistarhópa, svo sem Skotvís og Ferðaklúbbinn 4x4, sem eru óánægðir með núverandi verndaráætlun fyrir Vatnajökulsþjóðgarð? Kemur til greina að endurskoða áætlunina?

Skriflegt svar óskast.